




Glefsa

Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV og annað tengt efni – 5. tbl. 2025

Hækkun veiðigjalda eftir aflamagni skipa

Vífill Karlsson

Á Vesturlandi er áhyggjufullt fólk vegna fyrirhugaðrar hækkunar veiðigjalda. Til SSV hafa leitað forsvarsmenn sveitarfélaga og atvinnulífs vegna málsins og erum við alls ekki einu fagaðilarnir sem þeir hafa leitað til en SSV hefur rekið ráðgjöf við fyrirtæki og einstaklinga í rekstri. Algengasta spurningin hefur verið: Hversu mikil verður hækkun veiðigjalda m.v. fyrirhugaða breytingu þeirra? Þetta var skoðað út frá stjórnarfrumvarpi nr. 434 á þessu ári. Breytingin er miðuð við allar tölur frá 2024 og sýnir því hvernig veiðigjaldið hefði orðið árið 2024 ef lögin hefðu verið eins og frumvarpið kveður á um. Ef frumvarpið fer í gegn mun 40% afsláttur af veiðigjöldum ekki breytast en í stað þess að vera af fyrstu 6.000.000 kr. í veiðigjald (sem uppreiknað er til 8.476.080 kr. á árinu 2024) þá helst hann að fyrstu 50.000.000 kr. í þorski og ýsu en 9.000.000 kr. í öðrum botnfisktegundum. Það eru nú aðalbreytingarnar fyrir utan auðvitað að gjaldið á hvert kíló hækkar um 81% í þorski og 59% á ýsu en engin hækkun á annan meðafla sem er gjarnan langa og steinbítur svo að helstu bolffisktegundir séu nefndar.



Í greiningunni beindist athyglin fljótlega að því hvernig hækkunin hitti mis-stóra útgerðaraðila í bolffiski. Í ljós kom að við fyrirhugaða breytingu á lögum um veiðigjöld hefðu þau hækkað hlutfallslega mest um 81% hjá þeim sem hefðu veitt á bilinu 1-300 tonn af þorski eingöngu (Mynd 1, dökkblá lína). Magn umfram það hefði síðan lækkað þetta hlutfall stöðugt þar til að magninu 1.000 tonnum yrði náð og þá næmi hækkunin 24%. Eftir það hefði það farið hækkandi og orðið mest 77% eftir það. Á myndinni má síðan sjá nokkrar útgáfur til viðbótar: Veiði á ýsu eingöngu (rauð lína) og síðan allar botnfisktegundir samkvæmt

meðaltals tegundadreifingu báta frá Snæfellsbæ 2024 (ljós-blá lína).

Ræðum hækkunina fyrst eingöngu út frá hreinni þorskveiði. Hækkunin hefði orðið hlutfallslega mest á minnstu skipin en það er hópurinn sem fékk afslátt á allan sinn afla fyrir breytinguna sem var 6.000.000 kr. í veiðigjald að hámarki. Engin afsláttur var á veiðigjald umfram hámarkið. Útskýrum út frá reikningsaðferðinni hvers vegna hækkunin er mest á þá sem stofnuðu til lægra fiskveiðigjalds en 6.000.000 kr. Reikniaðferðin er svona:

$$\text{Veiðigjaldið} = \text{Aflamagn} \times \text{vkg} \times (1 - \text{afsláttur})$$

Ef veiðigjaldið á hvert kíló, *vkg*, hækkar bara og bæði aflamagn og afsláttur standa í stað þá hækkaði veiðigjaldið hlutfallslega um nákvæmlega um þá tölu sem hefði orðið um 81% í þorski eða úr 26,66 í 48,24.


Þeir sem veiddu magn umfram 6.000.000 kr. hefðu fengið afslátt eftir breytinguna á allt sem þeir veiddu umfram 6.000.0000 kr. að auki upp að 50.000.000 kr. og þeir því eini hópurinn sem fengi minni hækkun en þeir sem veiða 300 tonn og minna.

Hækkunin fyrir ýsuveiðar eingöngu var sett inn í myndina (rauð lína) en ræðum raunhæfustu þróunina sem er þorskur, ýsa og meðafla slíkra veiða. Tegundadreifing getur verið mjög ólík frá einum báti til annars og á milli veiðislóða og mánaða en ákveðið var að styðjast við meðaldreifingu báta frá Snæfellsbæ 2024. Þá sést að hækkun veiðigjalds aflaminnstu skipanna hefði orðið nokkru lægri en í hreinum þorskveiðum eða 65% í stað 81% en það er út af ýsunni og öðrum tegundum. Þegar „frítekjumark“ annarra tegunda hefði verið náð við 9.000.0000 kr. þá hefði hlutfallið hækkað fyrst og náð hæst 68% við 350 tonna veiði en lækkað síðan eftir að hagræðið af hækkun hámarksins úr 6.000.000 kr. (eða 8.476.080 kr. m.v. verðlag 2024) í 50.000.000 kr. fór að telja. Það hefði lækkað síðan stöðugt eftir það og náð lágmarki í 17% í 1.250 tonnum en hækkað síðan stöðugt eftir það en aldrei farið yfir 61%.

Mismunandi aflasamsetning, hversu stór hluti þorsks er í heildarafla skipa, getur verið breytileg á milli Suðurlands, Vesturlands, Norðurlands og Austurlands (Mynd 2, hlutfallstölur). Samkvæmt umfjöllun að ofan getur því verið breytilegt eftir landshlutum hversu mikil hækkun



veiðigjalds yrði en fjallað verður nánar um það í næstu Glefsu með uppfærðum tölum. Vissulega geta skip haft einhver áhrif á þessa skiptingu t.d. með því að sigla á milli veiðislóða en sá sveigjanleiki er miklu minni hjá smábátum en stærri skipum.




En hversu margir bátar voru að veiða minna en 350 tonn árið 2024?

Tafla 1. Fjöldi íslenskra skipa á Íslandsmiðum og aflamagn 2024.

Heildarafla á skip árið 2024	Fjöldi skipa	Afli botnfisktegunda samtals í tonnum 2024
<350	967	32.125
350-1.199	52	34.630
1.200-5.999	76	208.158
>5.999	15	117.076
Samtals	1.110	391.992

Tölur Fiskistofu

Athygli vekur að 967 skip af 1.110 veiddu minna en 350 tonn árið 2024 (Tafla 1), eða 87%. Þannig að mesta hlutfallslega hækkun veiðigjalds hefði fallið til á 87% skipa við Ísland. Vissulega er um lítil skip að ræða en fyrir þau sem gera út allt árið er oft að finna dæmi þar sem um fjórir menn starfa í kringum eitt slíkt skip ef taldir eru menn sem vinna í landi við veiðarfæri.



Til nánari glöggvunar var ákveðið að teikna mynd þar sem hækkun veiðigjaldsins hlutfallslega er mátuð við hækkun í krónutölum (Mynd 3). Ákveðið var að styðjast við allar mögulegar tegundir sem koma í veiðarfæri báta sem stunda þorskveiðar við Breiðafjörð og tegundadreifingu báta frá Snæfellsbæ 2024 eins og í fyrri mynd.

Í ljós kemur að hækkun meðal báta með afla á bilinu 50-349 tonn á ári hefði orðið á bilinu 463 þ.kr. til rúmlega 3,4 m.kr. E.t.v. kann fólk að finna það lítið en í þessum hópi eru oft viðkvæmustu rekstrareiningarnar í sjávarútvegi.

Hækkunin meðal báta sem afla 350-1.199 tonnum hefði orðið rúmlega 3,4 m.kr. til tæplega 16 m.kr. Bátar sem afla 1.200-5.999 tonn á ári hefðu fengið hækkun á bilinu 16 m.kr. til rúmlega 77 m.kr.

Niðurstöður

Í upphafi var spurt: Hversu mikil verður hækkun veiðigjalda m.v. fyrirhugaða breytingu þeirra? Byggt var á stjórnarfrumvarpi nr. 434 og skoðað hvernig árið 2024 hefði breyst á grundvelli frumvarpsins. Hlutfallslega hefði veiðigjaldið hækkað á bilinu 17%-68%, mest á báta sem veiða hvað minnst. Hækkunin í krónum talið hefði orðið 463 þ.kr. á bát sem veiðir 50 tonn en 170 m.kr. fyrir aflahæsta skip Íslands árið 2024 sem veiddi rétt rúmlega 12.000 tonn. Reyndar kann sú tala að hafa verið einhver önnur til eða frá þar sem miðað var við tegundadreifingu Snæfellsbæjar til einföldunar.

Þessar tölur eru auðvitað greiðslur á hverju ári en ef þær eru núvirtar m.v. 3,5% afvöxtunarstuðul og gert ráð fyrir að útgerðin rísi undir þessu og geti borgað þetta um alla eilífu væri 3,4 m.kr. hækkun 350 tonna bátsins 97 m.kr. að núvirði og 170 m.kr. hækkun aflahæsta skipsins tæpir 4,9 milljarðar króna að núvirði.

Forsendur

Forsendur útreikninga voru veiðigjald á kg. úr gögnum frumvarpsins fyrir árið 2024 vegna þess að magntölur útreikninganna voru frá 2024. Þess vegna má segja að matstölnurnar endurspegli hækkun á veiðigjaldinu 2024 ef fyrirhugaðar breytingar á veiðigjaldinu hefðu gilt þá. Fyrir ýsu var gjaldið 22,28 kr. á kg. árið 2024 samkvæmt upplýsingum úr frumvarpinu en hefði verið 35,35 kr. en fyrir þorsk var það 26,66 kr. en hefði verið 48,24 kr. Veiðigjald fyrir aðrar tegundir reiknaðist 17,5 kr. sem var vegið meðaltal á þær tegundir m.v. tegundadreifingu skipa frá Snæfellsbæ 2024. Veiðigjald þeirra tegunda á ekki að breytast samkvæmt frumvarpinu. Eingöngu voru skoðaðar útgerðir í botnfisk- og bolffisktegundum en ekki uppsjávarfiski eða skeldýrum.